

Camararctica
c/o Ármann Helgason
Markarflöt 7
Garðabæ
armannhelgason@simnet.is

13.09. 2022

30 ára afmælistónleikar Camerarctica "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju.

Ágæta Menningar- og safnanefnd,

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlega tónleika undir yfirsiftinni "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju miðvikudaginn 21. desember 2022. Þetta verður í 30. sinn sem tónleikaröðin er haldin en tónleikarnir hafa verið haldnir í ýmsum kirkjum þ.e í Hafnarfjarðarkirkju, Kópavogskirkju og Dómkirkjunni í Reykjavík en Garðakirkja bættist við tónleikaröðina árið 2008 og tókst einstaklega vel til enda bæjarbúar ánægðir að fá þessa árlegu klassísku tónleika inn í tónleikaflóru Garðabæjar en kirkjan hefur verið þétt setin á þessum tónleikum undanfarin ár.

Meirihluti kammerhópsins Camerarctica býr eða tengist Garðabæ þannig að það er Camerarctica bæði ljúft og skylt að leika Mozart við kertaljós í Garðakirkju, þessari sérlega vel hljómandi og fallegu kirkju sem nýtur sín einstaklega vel í kertaljósabirtunni. Meðlimir Camerarctica eru mjög virkir í tónlistarlífinu og leika ýmist með Sinfóníuhljómsveit Íslands eða með virtum kammerhópum. Meðlimir Camerarctica eru Ármann Helgason, Hildigunnur Halldórsdóttir, Bryndís Pálsdóttir, Guðrún Þórarinsdóttir, Svava Bernharðsdóttir og Sigurður Halldórsson. Við bjóðum stundum gestahljóðfæraleikarum og í ár verða það Eydís Franzdóttir óbóleikari sem kemur fram með Camerarctica á þessum tónleikum. Drengir úr Drengjakór Reykjavíkur hafa sungið með í sálminum "Í dag er glatt í döprum hjörtum" úr Töfraflautunni eftir Mozart en þessi sálmur hljómar alltaf í lok tónleikana hjá okkur og hefur hringt inn jólinn hjá mörgum í fjölda ára.

Í desember 2000 var gerð falleg upptaka með Camerarctica í Garðakirkju þar sem Mozart var leikinn við kertaljós og var upptakan svo send út það árið vegna covid en yfir tvö þúsund manns hafa hlustað á streymið og er það ennþá aðgengilegt.

Camararctica leitar nú til Menninga- safnanefndar eftir styrk vegna tónleikanna Mozart við kertaljós sem haldnir verða nú í 30. sinn og verða þeir sérlega glæsilegir á þessu 30 ára afmælisári Camerarctica.

Kostnaður vegna tónleika í Garðakirkju, 21. des. 2022:

Auglýsingar og kynningastjórnun, veggspjöld, efnisskrár, kirkjuleiga, kerti og uppsetning á stöðum og ýmis annar kostnaður:	170.000.-
Laun til flytjenda:	320.000.-

Tekjur vegna tónleikanna:

Aðgangseyrir (áætlað)	140.000.-
Tónlistarsjóður (hluti styrks fyrir þetta verkefni)	50.000.-

Sótt er um styrk vegna " Mozart við kertaljós " í Garðakirkju: kr. 300.000.-

Virðingarfyllt, fyrir hönd Camerarctica, *Ármann Helgason*



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026